



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**590. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 18. nóvember 2024
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Einar Þorsteinsson, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Einar Þorsteinsson formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfél.á hbsv. - 2409007

Áframhaldandi umræður frá 589. fundi. Vinna við undirbúning stofnunar nýs félags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu stendur yfir á vettvangi stýrihóps ríkis og sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri kynnir stöðu vinnunnar, aðgerðaáætlun í mótun og vinnuna framundan.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Niðurstaða:

Umræður

2. Uppfærsla Samgöngusáttmála Veghald, viðhald og rekstur - 2411004

Í samkomulagi um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veghald, sem var undirritað samhliða uppfærslu Samgöngusáttmálans, kemur fram að festa skuli í sessi skuldbindingar og hlutverk ríkis og hlutaðeigandi sveitarfélaga varðandi viðhald og rekstur stofnvega, stofnstíga og almenningssamgangna og ganga frá fjárhagslegum, lagalegum og tæknilegum atriðum í því samhengi. Um er að ræða áréttingu á því sem kemur fram í 6. mgr. 6. gr. Samgöngusáttmálans. Viðræður um framangreint eru nú hafnar milli SSH og innviðaráðuneytisins og kynnir framkvæmdastjóri stöðu þeirra.

Niðurstaða:

Umræður

3. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007

Málið var áður til umræðu á 580. fundi stjórnar og þá samþykkt að leggja til við aðildarsveitarfélög þjónustusamnings við Fjölsmiðjuna að endurnýja samninginn til allt að fimm ára á grunni núgildandi samnings og viðauka við hann. Var sú afgreiðsla samþykkt á vettvangi sveitarfélaganna. Drög að nýjum þjónustusamningi milli Fjölsmiðjunnar annars vegar og Reykjavíkurborgar,



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarness hins vegar, eru lögð fram til samþykktar á vettvangi stjórnar SSH. Nánar er fjallað um framangreint og drögin í fyrirbyggjandi minnisblaði lögfræðings SSH dags. 15. nóvember 2024, en drögin hafa jafnframt verið kynnt fyrir samráðshópi á sviði velferðarmála.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð aðalfundar Fjölsmiðjunnar dags. 31. maí 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 14. desember 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 4. apríl 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 16. maí 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 29. ágúst 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 10. október 2024.

Niðurstaða:

Samþykkt

4. Aðalfundur SSH 2024 - 2403005

Á aðalfundi SSH sem haldinn var 1. nóvember 2024 kom fram tillaga um nýtt stöðugildi á skrifstofu SSH og var eftirfarandi bókað í fundargerð:

"Theódora S. Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi lagði fram tillögu um nýtt stöðugildi hjá SSH sem m.a. mætti nýta til að sækja um Evrópustyrki. Alexandra Briem, borgarfulltrúi í Reykjavík lýsti yfir stuðningi við tillöguna. Tillögunni var vísað til stjórnar SSH."

Niðurstaða:

Tillögunni er vísað til frekari umfjöllunar stjórnar.

5. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 11. september 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

6. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál - 2110008

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 99. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál dags. 7. október 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30.